

//Á döfinni//

...:Vorpróf:...:

Vorpróf byrja mánudaginn 18.maí og lýkur mánudaginn 25.maí.
Alla prófdaga er keyrt heim kl. 13:25.



...:Vordagur:...:

Þriðjudaginn 26. maí fögnum við vori í skólanum og þá spreyta nemendur í 5. - 9. bekk sig á skemmtilegum stöðvum bæði inni og úti. Nemendur í 1.- 4. bekk munu einnig eiga skemmtilegan dag með umsjónarkennurum sínum. Skólabílarirnir aka heim kl.13:25.

...:Umhverfisdagur:...:

Miðvikudaginn 27. maí verður umhverfisdagur hjá 5.- 9. bekk, frá **kl. 8:30 til 12:30**. Þann dag eru nemendur í 1. - 4. bekk ekki í skólanum.

Þennan dag hreinsum við beð, þrifum glugga og berum á timbur svo eitthvað sé nefnt. Í hádeginu verður venju samkvæmt grillveisla. Nauðsynlegt er að nemendur komi í vinnufötum sem henta fyrir ofangreind verkefni.



// Fréttir frá Laugalandsskóla//

...: Eftirminnilegt skólastarf :...:

Þann 4. maí, verður skólahald komið í „eðlilegt horf“. Þá kennum við næstu tvær vikurnar fulla daga samkvæmt stundatöflu. Við höldum áfram að huga að hreinlæti, með handþvotti og spritti hjá öllum. Samkvæmt stundatöflu verður kennt sund í öllum íþróttatímum. Sama á við í íþróttaskólanum hjá 1. – 4. bekk á þriðjudögum og miðvikudögum. Dagana 18. - 23. maí verður svo prófavika, með a.m.k. einu prófi á dag. Síðan taka við vordagar og skólaslit verða fimmtudaginn 28. maí. Skólaslitin verða að einhverju leyti með breyttu sniði.

Það verður ekki annað sagt en að skólahaldið í vetur sé eftirminnilegt. Um það leyti sem 9. bekkingar höfðu lokið samræmdum prófum um miðjan mars breyttist allt mannlíf og þar með skólahald. Starfsmenn lögðust á eitt þann 16. mars og skipulögðu skólastarf undir nýjum formerkjum settum af stjórnvöldum. Þetta hefur gengið vel fram á þennan dag. Áhersla var, og verður áfram eins og mögulegt verður, á að forðast smit með hæfilegri fjarlægð, skiptingu í hópa, sóttthreinsun og fleiru.

Við í Laugalandsskóla erum afar stolt af því starfi sem hér hefur verið unnið. Skólinn er einn fárra sem hefur getað boðið öllum nemendum sínum fulla kennslu í kjarnagreinum, um leið og farið hefur verið eftir öllum kröfum stjórnvalda. Við höfum notið þess að finna um leið aukna samstöðu í samfélagi skólans. Full ástæða er til að þakka starfsfólkinu hér sérstaklega fyrir kraftmikið og óeigingjarnt starf. Skólinn leggur áfram upp með öflugt og gott skólastarf þar sem fjölbreyttum þörfum nemendanna er mætt.

Um leið og kórónuveiran hefur svifið yfir vötnum, barði vetur konungur duglega á okkur eins og öðrum landsmönnum. En öll él birtir um síðir. Við fögnum góðum árangri í baráttunni við vágestinn. Vor og sumarveður hefur tekið við, með lömbum og blómum í haga, gæðum og grósku. Við höfum fengið fréttir af því að nemendurnir okkar sem sátu sveittir við samræmd próf þegar ósköpin riðu yfir, náðu árangri með einstökum glæsibrag. Fyrir það hrósum við þeim og öflugum kennaraliði.



...:Vorferðalag 10. bekkjar:...

Sunnudaginn 24. maí fara nemendur úr 10. bekk í sitt árlega vorferðalag. Viða verður farið og margt gert m.a. í klettasig og litboltakeppni. Nemendur koma aftur heim miðvikudaginn 27. maí.



...:Skólalok:...

Fimmtudaginn 28. maí verða skólaslit Laugalandsskóla með breyttu sniði, nánar auglýst síðar.




...:Mynddiskar til sölu:...

Að venju hefur skólinn tekið litlu jólin og árshátíð skólans upp og selt á mynddiskum. Í ár eru heldur óvenjulegar aðstæður þar sem ekki var hægt að halda árshátíð skólans. Litlu jólin og annað efni frá vetrinum verður á sínum stað á disknum í ár.

Það stendur öllum til boða að kaupa diskinn og kostar hann 1.000 kr.

Áhugasömum er bent á að hafa samband við Thelmu kennara í símanúmer skólans eða í tölvupósti: thelma@laugaland.is til að panta diskinn fyrir 15. maí.



...: Nemendurnir sem yfirgefa okkur í vor :...



Á hverju hausti tökum við á móti nýjum nemendum sem stíga sín fyrstu skref í grunnskóla. Sömu leiðis kveðjum við eldri nemendur á hverju vori sem munu halda áfram göngu sinni eftir menntaveginum. Alltaf þykir okkur þetta jafn merkileg stund. Sumir hafa verið hjá okkur frá því í 1. bekk en aðrir hófu sína skólagöngu í öðrum skólum og komu síðar til okkar. Þeir nemendur sem brátt ljúka nú námi hér við skólann eru þau: Heiðís Lilja Erlingsdóttir, Kristján Árni Birgisson, Sigurður Matthías Sigurðsson og Sigurbjörg Helga Vignisdóttir.



Til gamans setjum við hér nokkrar myndir af þessum krökkum frá fyrri árum.

Í 1. bekk var Hulda Brynjólfssdóttir, umsjónarkennari þeirra og þá voru þau Aldís Freyja Kristjánsdóttir og Kristinn Rafn Bjarnason hluti af

hópnum. Kristinn Rafn var aðeins í 1. bekk en Aldís Freyja fylgdi bekknum upp í 8. bekk. Christian Dagur Kristinsson var í bekknum frá 5.-7. bekk og Kristján Árni varð hluti af bekknum í 7. bekk.



Neðstu myndirnar voru teknar núna nýlega en þar klæðast þau peysum sem þau fá frá skólanum í lok 10. bekkjar.



Það má með sannni segja að þessir nemendur hafi þroskast, eflst og orðið að vöskum einstaklingum sem eru góð viðbót við mannlífsflórana. Það er með gleði í hjarta sem við skilum þeim frá okkur.

Við þökkum þessum nemendum kærlega fyrir samstarfið og óskum þess að þeim vegni vel í því sem þau taka sér fyrir hendur í framtíðinni!



Ábyrgð: Sigurjón Bjarnason, skólastjóri